

Skipulagsstofnun  
Ómar Ingbórsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 18. júlí 2017  
UST201706-313/B.S.  
08.12.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Fiskeldi Tálkna við Þorlákshöfn. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að framleiða allt að 5.000 tonn á ári af laxfiski og verða tegundir og stærðir breytilegar eftir markaðsaðstæðum. Talið er að breyting milli tegunda hafi ekki áhrif á losun úrgangsefna frá stöðinni. Hámarkslífmassi á hverjum tíma verður um 2.500 tonn og stefnt er að því að uppbyggingu stöðvarinnar ljúki á 5 til 6 árum. Eldið mun fara fram á iðnaðarlóð í Þorlákshöfn.

Um miðjufrárennsli í kerunum fer 5 – 10 % af því vatni sem fer í gegnum stöðina. Þetta vatn inniheldir 90 – 92 % þeirra föstu úrgangsefna sem tilfalla við eldið. Þetta vatn verður meðhöndlað sérstaklega með því að leiða það í gegnum setgildirur.


Við endurnýtingu vatns verður vatn einnig síað með trommlusíu. Með þessum aðgerðum er talið að unnt verði að skilja 95 – 98 % af föstum úrgangsefnum úr affallsvatninu áður en því er veitt í viðtaka. Í greinargerð kemur fram að ráðgert sé að nýta hluta þeirra næringarefna sem falla til í setgildrum til framleiðslu á þörungum. Umhverfisstofnun vill benda á í kafla 3. í greinargerð segir að stefnt verði að ræktun þörunga, en í kafla 4.3. segir að óvíst sé hvort ráðist verði í þessa framleiðslu. Þótt ekki verði ráðist í þessa framleiðslu ætti það vart að hafa áhrif á losun næringarefna frá stöðinni.


Losun verður í viðtaka við strönd þar sem er mjög brimasamt og straumar sterkir. Hreinsað affallsvatn ætti því að þynnast fljótt í viðtakanum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Sækja þarf um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín L. Árnadóttir  
Forstjóri